Majorku

Myndlist



ólafur Gíslason skrifar

Miró umbreytti sjónrænni reynslu sinni af umhverfinu í formveröld sem lýtur sínum eigin lögmálum og á sér engan líka.

Skúlptúrar þeir sem setja meginsvip á sýninguna á Kjarvalsstöðum, mynda í raun afmarkað svið listsköpunar hans, sem ekki getur talist til þungamiðju hennar. Það var í málverkinu sem Miró náði lengst í að skapa þann myndheim sem var hvorttveggja í senn, persónulegur og altækur. Skúlptúrarnir eru oftast hrárri en málverkin, þar sem listamaðurinn grípur hlutina hráa úr umhverfi sínu og stefnir þeim saman í nýju og oft undirfurðulegu samhengi, án þess að beita þeirri formrænu ummyndun sem í málverkinu er fólgin. Ummyndun sú, sem gefur þessum skúlptúrum gildi, er fólgin í samtali formanna og fyrirbæranna og því nýja samhengi sem þau öðlast við það að vera steypt í brons. Þessir skúlptúrar lýsa óheftu hugarflugi listamannsins og glöggskygni hans á formræna eiginleika hversdagslegra hluta og fyrirbæra í umhverfinu, en í þeim er hið groddalega ríkjandi á meðan Miró talaði um það sjálfur að hann leitaðist við að „sameina groddaskapinn og viðkvæmnina" í verkum sínum.

Annað sem einkennir jafnt skúlptúra hans og málverk er græskulaus leikurinn. Leikurinn varð honum aðferð til þess að nálgast hið sammannlega og altæka. Miró framkvæmir enga vitsmunalega greiningu á viðfangsefni sínu áður en hann hefst handa, heldur leikur hann af fingrum fram eins og barninu er tamt. André Breton, helsti páfi súrrealistanna í París, taldi þetta ljóð á lífsverki Mirós, en aðrir myndu trúlega segja að þessi hæfileiki hans hafi einmitt verið aðalsmerki listar hans og það sem gerir hana bæði óvenju meðtækilega fyrir þorra fólks og sérstaka í myndlist 20. aldarinnar.

Sýningin á Kjarvalsstöðum er eins og sólargeisli frá Majorku og ætti að vera fagnaðarefni allra unnenda myndlistar.

---

einkennist list hans af sakleysi og frelsi sem tekur öllu ööru fram. Telja má að áhrif hans á Picasso, sem gengið hafði til liðs við súrrealista tveim árum áður, hafi verið að stórum hluta afgerandi. Eini ljóðurinn á ráði Mirós er sú staðreynd að persónuleiki hans virðist hafa stöðvast á bernskuskeiðinu, sem dugar honum ekki fyllilega til að verjast ístöðuleysinu, sóuninni og leiknum og takmarkar vitsmunalega séð mikilvægi vitnisburðar hans.

André Breton: Le Surréalisme e la Peinture, 1965.

„Ég hitti Miró í París einhvern tíma í kringum 1926. Hann sótti tíma í hnefaleikum til þess að geta varið hið andlega tóm sitt hnúum og hnefum við tækifæri."

René Magritte í bréfi til Maurice Rapin 1957.

„Miró sagði mér dásamlega sögu. Ferðalangur nokkur hafði lofað vini sínum að færa honum páfagauk frá Ameríku. Á heimleiðinni áttaði hann sig á að hann hafði gleymt loforðinu og hljóp þá til og keypti uglu, sem hann litaði græna. Vinirnir hittust síðan nokkru eftir að gjöfin hafði verið afhent og ferðalangurinn spurði vininn: „Hvernig líður páfagauknum sem ég gaf þér? Er hann farinn að tala?" „Nei," svaraði vinurinn, „hann talar ekki enn, en hann hugsar mikið."

Salvador Dali: La vie secréte di Salvador Dali, 1952.

Miró hafði náð fullum þroska sem myndlistamaður við lok heimsstyrjaldarinnar. Endalok stríðsátakanna fólu líka í sér endalok hinna nýju listrænu hugtaka frá árunum fyrir stríð. Ungt skáld gat ekki lengur hafið feril sinn sem kúbisti eða fútúristi, og dada var á þessum tíma eina mikilvæga listastefnan. Miró hóf feril sinn á að mála sveitalífsmyndir frá heimabyggð sinni í nágrenni Barcelona. Þótt myndir hans hafi haft yfirbragð raunsæis þá bjuggu þær yfir djúpri skynjun á hinu óraunverulega. Nokkrum árum síðar kom hann til Parísar og kynntist dadaistunum, sem á þeim tíma voru að sveigja verk sín í átt til súrrealisma. Þrátt fyrir þessi sambönd hélt Miró sig alltaf sér á parti og utan allra beinna áhrifa og sýndi röð mynda sem höfðu til að bera sterka litaskynjun og nýjan tvívíðan myndheim, sem hafði engin tengsl við abstraktsjónina.

Hann gerði líka verk er voru í beinum tengslum við súrrealismann, en það var í samspili og leik litaðra myndeininga sem hann tjáði persónuleika sinn best.

Marcel Duchamp: úr sýningarskrá Societé Anonyme.

Listmálararnir elskuðu að eyða frítíma sínum í samræður, og það kom mér á óvart að sjá að þrátt fyrir englabros sitt og glaðlegt yfirbragð bjó Miró yfir hlédrægni sem nálgaðist hið dularfulla. Hann talaði ekkert um sjálfan sig eða áform sín, og hann lét aldrei í ljós ákveðna skoðun á því sem var til umræðu. Pablo (Picasso) talaði hins vegar á við tvo, og Miró virtist ánægður með það. Athugasemdir hans takmörkuðust við stutt „er það?" eða „jæja" eða „ertu að segja það satt?" og féllu viðstöðulítið inn í orðaflaum Pablos sem var óstöðvandi. Eftir að hann hafði verið samvistum við okkur og setið til borðs með okkur í 15 daga þekkti ég hann ekki meira en á fyrsta degi. Ég spurði Pablo hvort hann hefði alltaf verið þannig, og hvort Miró hefði einhverja sérstaka ástæðu fyrir hlédrægni sinni. En þetta var þeim mun furðulegra sem hlýtt og hjartanlegt viðmót hans bar einlægri vináttu vitni.

Pablo fór að hlæja: Þótt þú hittir Miró daglega í tvö ár yrðir þú engu nær. Hann hefur háttvísi og hógværð Katalóníubúans.

Francoise Gilot: Vivre avec Picasso, 1965



Verkefnaval áhugaleikhúsanna hefur orðið metnaðarfyllra með árunum. Úr sýningu Leikfélags Húsavíkur á Gaukshreiðrinu.

Einþáttungahátíð á Patró

Patreksfjörður fylltist af lífi í gær, uppstigningardag, því þá fjölmenntu áhugaleikarar allsstaðar af landinu til Patró. Þar stendur nú yfir einþáttungahátíð, þar sem ellefu áhugaleikhópar sýna tólf einþáttunga, og lýkur hátíðinni í kvöld. Í framhaldi af hátíðinni verður svo haldinn aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga.

Vilborg Valgarðsdóttir, ritari BÍL, sagði við Helgarblaðið að þetta væri í fyrsta skipti sem svona einþáttungahátíð væri haldin á vegum Bandalagsins. Það hefði komið til umræðu áður að halda einhverskonar leiklistarhátíð í tengslum við aðalfund félagsins, en ekki verið hægt að koma því við fyrr.

Vilborg sagði að flestir leikhóparnir hefðu æft einþáttungana sérstaklega fyrir þessa hátíð og sumir þáttanna væru sérstaklega samdir vegna hennar. „Leikhóparnir munu svo sýna verkin heima í héraði eftir hátíðina."

Alls hafa 105 manns skráð sig til þátttöku, en auk þess taka þátt í hátíðinni og fundinum félagar úr Leikfélagi Patreksfjarðar.

Leiklistarskóli BÍL

Einsog önnur menningarstarfsemi fór BÍL illa út úr síðustu fjárlögum. Stuðningur hins opinbera við áhugaleikfélög er reyndar svipaður og áður en framlag til skrifstofu BÍL var skorið verulega niður og að sögn Vilborgar er það farið að bitna á starfinu.

„Við reynum samt að halda uppi sömu þjónustu við áhugaleikfélögin og áður, en þessi niðurskurður bitnar á erlendu samstarfi, sem er mjög slæmt, auk þess sem við erum farin að safna skuldum."

Á aðalfundinum verður mótuð stefna fyrir næsta ár, sérstaklega í námskeiðahaldi og menntunarmálum. Fyrir fundinum liggur menntunaráætlun sem Kári Halldór leikstjóri hefur unnið fyrir BÍL, en samkvæmt henni á að stofna Leiklistarskóla bandalagsins.

Námskeið á vegum BÍL hafa yfirleitt verið mjög vel sótt, en þau eru haldin vítt um landsbyggðina, líkt og aðalfundir bandalagsins. BÍL hefur gengist fyrir námskeiðum í förðun, lýsingu og leikmyndagerð. Í ár hefur BÍL m.a. verið með námskeið í stjórnun leikfélaga og var mikill áhugi á því. Einnig hefur verið haldið námskeið í leiksmíði og útfærslu leikmynda í samvinnu við Borgarleikhúsið. Síðasta námskeiðið í vor var í trúðleik og var króatískur leikhúsmaður leiðbeinandi á því.

„Áhugi á starfi með áhugaleikhúsum hefur vaxið mjög mikið. Áhorfendafjöldi rokkar frá ári til árs og fer töluvert eftir verkefnavali, en áhuginn á að starfa með áhugaleikhúsunum hefur aukist mikið. Einkum er það áberandi hjá áhugaleikhúsum í Reykjavík hve miklu fleiri vilja taka þátt en áður. Það var einhver feimni ríkjandi í Reykjavík, sennilega vegna stóru atvinnuleikhúsanna. Fyrsta áhugaleikfélagið í Reykjavík var Hugleikur, stofnaður árið 1984 og er enn starfandi, en síðan hefur fjölgað allur af hópum tekið sig til, sumir lifað stutt en aðrir lengur. Áhugaleikhúsin þurfa að gefa sér allt aðrar forsendur en atvinnuleikhúsin, bæði í verkefnavali og uppfærslum og þá láta áhorfendur yfirleitt ekki á sér standa og þeir sem starfa við leikhúsið fá vinnu sína margfalt til baka þótt það sé ekki í beinhörðum peningum. Að vinna í áhugaleikhúsi er mikil heilsubót. Við höfum stundum sagt í grínið að fólk sem starfi við þetta þurfi ekki að fara á geðsjúkrahús. Þessu grínið fylgir nú töluverð alvara."

Verkefnaval áhugaleikhúsa hefur breyst mikið að undanförnu. Hér áður fyrr var iðulega ráðist í að setja á fjalirnar erlenda farsa en af 75 uppfærslum áhugaleikhúsa á árunum 1990 til 1991, voru einungis 4 erlendir farsar. Íslensku leikritin voru 34 talsins, barnaleikrit 14 og erlend þýdd leikrit, sem ekki flokkast til farsa, voru 8. Meiri metnaður einkennir því val áhugaleikhúsa en áður, einkum er áberandi að barnaleikritin eru farin að verða mun stærri þáttur í starfinu.

Einþáttungarnir sem fluttir verða á hátíðinni á Patró eru mislangir. Sá stysti tekur eina mínútu í flutningi en sá lengsti klukkustund. Af þessum 12 einþáttungum eru 10 íslenskir.

Leikfélag Patreksfjarðar sýnir barnaleikritið Allt í plati eftir Þröst Guðbjartsson í leikstjórn Harðar Torfasonar.

Leikdeild Ungmennafélagsins Skallagríms sýnir Ferjuþulur eftir Valgarð Egilsson í leikstjórn og flutningi Sveins M. Eiðssonar.

Hugleikur flytur einþáttunginn Ó, færiband! sem Sigrún Óskarsdóttir samdi sérstaklega fyrir hátíðina. Tónlist og söngtexti er eftir Þorgeir Tryggvason en leikstjórnin var hópvinna.

Leikfélag Selfoss sýnir Svart og silfrað eftir Michael Frayn í þýðingu Guðjóns Ólafssonar og leikstjórn Guðrúnar Höllu Jónsdóttur.

Jóhannes Geir Einarsson skrifaði Illt til afspurnar sérstaklega fyrir hátíðina og Leikfélag Húsavíkur sýnir. Leikstjórnin er hópvinna.

Leikfélag Hveragerðis sýnir Sky eftir Árna Ibsen í leikstjórn Emils Gunnars Guðmundssonar.

Leikfélag Mosfellssveitar er með tvo einþáttunga á hátíðinni; Komið og farið eftir Samuel Beckett í þýðingu Árna Ibsens og leikstjórn Jóns Sævars Baldvinssonar og stysta einþáttunginn á hátíðinni, Hugsanaflutning eftir Babalú, sem tekur mínútu í flutningi. Leikstjóri er Jón Sævar Baldvinsson.


Leikfélag Fljótsdalshéraðs sýnir Veruleika eftir Súsönnu Svavarsdóttur í leikstjórn Emils Gunnars Guðmundssonar.

Skagaleikflokkurinn er með nýjan einþáttung eftir Ísak Harðarson sem nefnist Glymjandi Fjallsslætti, í leikstjórn Ásgerðar Ísfeld.

Leikdeild Ungmennafélags Stafholtstungna er með brot úr dagskrá úr verkum Halldórs Laxness sem nefnist Úr Brekkukotsannál. Leikstjóri er Jón Júlíusson.

Leikfélag Kópavogs er með verkið Íþróttung, sem upphaflega var sett á svið á árshátíð félagsins en hefur verið endurunnið fyrir þessa hátíð. Höfundar og leikstjórar eru úr röðum félagsmanna.

„Það er sko enginn barlómur heyranlegur hjá áhugaleikhúsunum, nema rétt við peningakassann. Til marks um það hversu öflugt starfið er má geta þess að Leikfélag Hólmavíkur var nýlega með 14. sýninguna á gömlum erlendum farsa, Glímuskjálfta. Þar af voru einungis þrjár sýningar á Hólmavík. Nú um helgina verður leikfélagið með Glímuskjálfta norður á Raufarhöfn, sem er vinabær Hólmavíkur," sagði Vilborg.



BÍL gekkst fyrir námskeiði í trúðleik í vor.